

84

17. ágúst

Viðskiptanefnd getur fyrirskipað birgðatalningu á framangreindum vörum, hvenær sem hún telur ástæðu til, og er henni heimilt án dómsúrskurðar að láta rannsaka birgðir verzlana og iðnfyrirtækja og einstakra manna af þeim.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og reglum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða ef brot er ítrekað, má svipta sökunaut atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 17. ágúst 1947.*

**Emil Jónsson.**

*Sigtr. Klemenzson.*

85

13. ágúst

## REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 159 18. sept. 1940,  
um sölu og úthlutun á matvörutegundum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939 og lögum nr. 59 7. maí 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Frá og með 14. ágúst 1947 er bannað að selja hvers konar kaffi, nema gegn seðlum, sem út eru gefnir að tilhlutun ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Allir, sem verzla með framangreinda vöru, skulu fyrir 16. ágúst gefa skýrslu um birgðir sínar, eins og þær voru, er viðskipti hófust að morgni 14. ágúst. Í Reykjavík skal skila birgðaskýrslum til Skömmtunarskrifstofu ríkisins, en utan Reykjavíkur til oddvita eða bæjarstjóra, sem síðan senda skrifstofunni skýrslurnar. Viðskiptanefnd ákveður með auglýsingu lengd úthlutunartímabils og magn það, er úthlutað er hverjum einstaklingi.

Að öðru leyti fer um skömmtun þessa og brot á reglugerðinni eftir ákvæðum reglugerðar nr. 159 1940 og síðari breytingum á þeirri reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 13. ágúst 1947.*

**Emil Jónsson.**

*Sigtr. Klemenzson.*